

Sæbýli ehf.
Ásgeir Guðnason
Ægisgötu 1
240 Grindavík

Reykjavík, 13.5.2024
UST202401-266/gf
08.12.02

Varðar reglubundið eftirlit lagareldi Sæbýlis reksturs ehf. í Grindavík, id# 486, þann 13. mars 2024

Þann 13. mars sl. fór fram eftirlit í sæeyrnaeldi Sæbýlis í Grindavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðila er bent á að sækja um heimild fyrir rekstri sæeyrna á Reykjanesi og Sandgerði á meðan eldgos og jarðhræringar standa yfir í Grindavík.

Tvö frávík frá kröfum í starfsleyfi komu fram í eftirliti:

1. Í grein 1.1 í starfsleyfi kemur fram að starfsemin skuli fara fram í Grindavík. Hluti af rekstri Sæbýlis reksturs ehf. fer nú fram á Reykjanesi og í Sandgerði.
2. Í grein 4.4 í starfsleyfi kemur fram að árlega, fyrir 1. maí, skuli senda ársyfirlit til Umhverfisstofnunar.
Ársyfirlit vegna ársins 2022 hefur ekki borist stofnuninni.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. júní 2024.

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur